

Stjórnarfundur ÆSKP fimmtudaginn 17. janúar 2013 kl. 17.00 í Neskirkju.

Mætt voru: Guðrún Karls Helgudóttir, Guðmundur Karl Einarsson, Kristján Ágúst Kjartansson og Sigurvin Lárus Jónsson. Þórunn Harðardóttir, umsjónaraðili Easter Course kom á fundinn undir lið 2. Framkvæmdarstjóri, Sigríður Rún Tryggvadóttir, sat fundinn.

1. Aðalfundur ÆSKP.

- Boðun aðalfundar 15. janúar rekst á Vormót ÆSKR. Rætt var um hvort möguleiki sé á að færa aðalfund.
- Ákveðið var að færa aðalfund fram til 8. mars, kl. 18.00.
- Ákveðið var að biskupsritari yrði beðin um að vera fundarstjóri á aðalfundi ÆSKP.
- Rætt var um tillögur að lagabreytingartillögum er varða skýrslur á aðalfundi.
- Stjórnin samþykkti að leggja til eftirfarandi lagabreytingartillögu:

8. gr. 3. Breytist úr: „Skýrsla framkvæmdarstjórnar kynnt og rædd” í „Skýrsla framkvæmdarstjórnar/framkvæmdarstjóra kynnt og rædd”

8. gr. 6. „Skýrsla framkvæmdarstjóra” falli út.

- Rætt var um hvernig tryggja skuli að landsbyggðin eigi fulltrúa í stjórn ÆSKP.

2. Easter Course.

- Þórunn Harðardóttir kom inn á fund og greindi frá stöðu mála varðandi undirbúning fyrir Easter Course, 24.-31. mars. Rákel Brynjólfsdóttir hefur aðstoðað Þórunni við undirbúning.
- Planning team (5 manns) fyrir Easter Course hittist í Reykjavík helgina 24.-27. janúar.
- Planning team vill heimsækja þá staði sem að Easter Course er haldið á, Neskirkju, Víðistaðakirkju og skátaheimilið.
- Fjárhagsáætlun fyrir EC frá Council of Europe er mjög naum og það er erfitt verkefni að ná endum saman.
- Stjórnin áætlað að hitta hópinn í Neskirkju kl. 11 á laugardagsmorgun.
- EC ætlað að taka þátt í Vaktu með Kristi í Neskirkju á aðfararnótt föstudagsins langa.
- Þórunn fór ítarlega yfir dagskrá Easter Course.

3. Skaðabótamál.

- Gjaldkeri hefur gengið frá samkomulagi við skólastjóra Egilsstaðaskóla, um að við greiðum skólanum 120.000 kr og hefur þegar greitt þá upphæð. Þetta er til greiðslu á kostnaði vegna starfsmanna um Landsmótshelgi, salernispappír í skólanum og einnig vegna tjóns á loftplötum og sófa.
- Framkvæmdastjóri upplýsti um að Guðmundur Þór lögfræðingur biskupsstofu gaf henni ráðgjöf varðandi tryggingamál.
- Sá tannskaði sem að ungmenni varð fyrir í sundlaug Egilsstaða er ekki greidd af tryggingum. Framkvæmdastjóri hefur safnað upplýsingum um hvert foreldri barnsins getur leitað til að sækja um stuðning í þessum aðstæðum.

4. Aðkoma ÆSKP að Landsspítalasöfnun Þjóðkirkjunnar.

- Stjórn ÆSKP barst bréf frá Elínu Elísabetu, starfsmanni biskupsstofu, þess efnis að ÆSKP komi að söfnun Þjóðkirkjunnar fyrir tækjakosti Landsspítalans. Stjórn ÆSKP fagnar eindregið söfnun kirkjunnar fyrir Landsspítalanum og mun leggjast á árar með biskupi Íslands í þessu góða málefni. Framkvæmdastjóri mun hvetja æskulýðsfélög sambandsins til að leggja sitt af mörkum í söfnuninni og æskulýðsprestur Neskirkju mun fyrir hönd ÆSKP vekja athygli á mikilvægi þess að láta sig velferð annara varða í útvarpsmessu á æskulýðsdaginn.
5. Rætt um erindi sem barst sambandinu frá Hirti Sæland.
- Hjörtur Sæland æskulýðsleiðtogi í Digraneskirkju sendi framkvæmdarstjóra erindi þar sem óskað er eftir aðstoð sambandsins við undirbúning samvinnuverkefnis á milli æskulýðsfélaga á Íslandi og Möltu. Stjórn samþykkir að framkvæmdarstjóri í samvinnu við Hjört vinni áfram að þróun hugmyndarinnar.
6. Rætt var um erindi sem barst frá hljómsveitinni Tilviljun?
- Erindi barst frá hljómsveitinni Tilviljun? þar sem óskað er eftir að ÆSKP greiði aukalega kostnað sem féll til vegna leiga á hljóðfærum fyrir Landsmót ÆSKP 2012. Í samkomulagi ÆSKP og Tilviljunar? var gert ráð fyrir upphæð sem reyndist röng. Stjórnin samþykkir beiðnina.
7. Fundi slitið.